

## Vinnufundur í Miðbæjarskóla (Kvennaskólanum) 27. febrúar 2015 kl. 14.30

**Viðstödd:** Jóhanna Björk, Margrét Helga, Sigurbjörg Gylfa, Petrína Rós, Sigurborg, Hulda Sif, Ève, Gríma og Eyjólfur.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Staðlaða frönskuprófið – niðurstöður matsnefndar í Graz.

Kaffihlé.

#### 2. Kynning á verkefni fyrir FIPF – CEO.

1. Eyjólfur kynnti niðurstöður mats sérfræðinganna í Graz (Centre Européen pour les Langues Vivantes) á staðlaða A2-frönskuprófinu sem félagsmenn unnu haustið 2013. Samkvæmt Eyjólfri er umsögn sérfræðinganna í heild mjög góð. Þeir hlutir sem þarf að laga eru í flestum tilvikum minniháttar svo sem nákvæmni í fyrirmælum eða orðalag. Farið var í gegnum helstu atriði sem þyrfti að lagfæra og eru þau eftirfarandi:

**Compréhension écrite:** Mætti bæta við einum texta sem er tölvupóstur. Orðaforði í æfingu 2 þótti fullerfiður, mælt með því að einfalda hann. Æfing 3: mikill texti en lítið spurt úr honum. Einnig vantar heimildir fyrir „document authentique“ í þessum hluta (frásögn af ferðalagi til Marokkó).

**Compréhension orale:** Mætti bæta við einum texta/upptöku sem væri „enregistrement radio“ til að fá eitthvað úr „domaine publique“, of mikið þótti vera úr „le domaine privé“. Æfing 1: þyrfti að athuga stigagjöfina; spurningarnar hafa ekki sama vægi; sumar með 1 stig og aðrar með 2 stig.

Í æfingum 2 og 3 ættu svarmöguleikarnir að vera í stafrófsröð. Almenn athugasemd um upptökurnar var að þær þyrftu að vera eðlilegri, í auglýsingaupptökunni þyrfti að vera auglýsingastef og síðasta upptakan þyrfti líka að vera meira lifandi og þannig meira sannfærandi.

**Production écrite:** Æfing 1: Taka þyrfti fram í fyrirmælunum hverjum nemandinn á að skrifa.

Æfing 2 (svar við tölvupósti): þarf að bæta við matskvarða.

**Production orale:** Æfing 1: Seinni hluti samtalsæfingarinnar inniheldur efni sem hentar ekki öllum nemendum (farsími og bíll) og fyrirmælin gætu verið nákvæmari.

Æfing 2: Vantar fyrirmæli fyrir frásögn nemandans.

Um leið og farið var yfir athugasemdirnar skapaðist nokkur umræða um réttmæti þeirra. Flestar þóttu réttmætar en athugasemdirnar vegna „production orale“ urðu einna helst til umræðu og ekki var fundarfólk allt sammála um að gagnrýnin á þann hluta væri réttmæt. Fundarfólk varð sammála um að laga þyrfti prófið út frá þessum athugasemdum og að athuga möguleikann á því að sú vinna fari fram í tengslum við námskeiðið í byrjun júní.

2. Að loknu kaffihléi kynnti Jóhanna Björk verkefni á vegum FIPF (Fédération Internationale des professeurs de français) og CEO (Commission Europe de l'Ouest). Jóhanna greindi frá því að á fundi CEO á Möltu í október síðastliðnum hafi aðalumræðuefnið verið „livre blanc“ um stöðu frönskukennslu í heiminum. Einnig hafi verið rætt mikið um verkefni eða „projets“ á vegum CEO. FIPF hefur tilkynnt að CEO fái ekki peninga nema að landssamötökin innan þess séu með ákveðin verkefni í gangi sem er svo deilt á síðu CEO – FIPF (getur verið bæði fyrir kennara og nemendur). FFÍ var með slíkt verkefni í gangi fyrir nokkrum árum sem nefndist „Journal d'élèves“. Tilgangurinn með því var að nemendur skrifuðu þematengda texta/dagbókarfærslur sem þeir fengju birta á opinberum vettvangi (vef CEO). Jóhönnu var falið að endurvefja þetta verkefni og er ætlunin að reyna að nota samskiptaforritið Edmodo til að miðla verkefninu nú. Í framhaldinu fóru fram umræður um hvernig við gætum útfært verkefnið nú með því að nota þetta forrit. Ein uppástungan fól í sér að kennarar fengju einn bekk/hóp til að vera með, ákveða þyrfti þema fyrir hópinn og fá svo þátttakendur á Íslandi og í Evrópu til að eiga samskipti á frönsku út frá þessu þema. Eitt þema yrði látið vera í gangi í ca. 3 vikur og svo myndi einhver annar (í öðru landi) taka að sér að vera „administrator“ fyrir annað þema. Ákveðið var að prófa eitt þema á milli frönskukennara til að sjá hvernig vefurinn virkar. Sú hugmynd að prófa þennan samskiptamáta einungis milli íslenskra nemenda fyrst kom einnig fram. Jóhanna tók að sér að senda út nánari upplýsingar um þessar hugmyndir til félagsmanna.

Fundi slitið kl. 17.00.